

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um erlend skattaskjól.

1. *Hvaða árangri skiluðu kaup á gögnum um fjármuni Íslendinga í erlendum skattaskjólum sem ráðist var í árið 2015 með tilliti til álagningar skatts?*

Þau gögn sem hér er vísað til keypti skattrannsóknarstjóri í maí árið 2015 en áður hafði ríkisstjórn samþykkt tillögu fjármálaráðherra um að leggja til að aukafjárveiting yrði veitt í fjárákalogum til að kaupa gögnin. Þau varða alls 585 félög í svokölluðum skattaskjólum. Í gögnunum eru upplýsingar sem tengja um 400 Íslendinga við nefnd félög. Í flestum tilvikum er um að ræða skjöl um stofnun félaga og skjöl í formi umboða sem skráðir stjórnarmenn félaganna hafa veitt nafngreindum einstaklingum til stjórnunar og skuldbindinga þeirra. Jafnframt eru þar upplýsingar um eigendur hlutafjár í félögunum. Í gögnunum er hins vegar ekki að finna bankayfirlit eða aðrar fjárhagsupplýsingar. Þá hefur komið í ljós við forskoðun gagnanna að á fjórða tug umræddra einstaklinga hefur áður sætt rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra (SRS) vegna ætlaðra skattalagabrota, nokkrir reyndust búsettir erlendis og einhverjir látnir.

Í kjölfar afhendingar gagnanna og forskoðunar þeirra hófst frekari greining þeirra og úrvinnsla hjá SRS á grundvelli skattframtala viðkomandi einstaklinga. Einnig aflaði embættið fjárhagsupplýsinga frá innlendum fjármálafyrirtækjum um greiðslur erlendis frá yfir tiltekið tímabil. Þá voru gögnin borin saman við ýmsar aðrar upplýsingar og gagnagrunna sem SRS hefur aðgang að.

Á grundvelli fyrrgreindrar greiningarvinnu og úrvinnslu var niðurstaða skattrannsóknarstjóra sú að 30 mál mundu sæta frekari meðferð hjá embættinu þar sem rökstuddur grunur lægi fyrir um undanskot tekna. Önnur mál voru framsend ríkisskattstjóra í október sl. ásamt samantekt, með vísan til þess að greining SRS á umræddum gögnum benti til þess að skattskil aðila gætu verið athugunarverð, án þess þó að sýnt þætti að um refsiverð undanskot væri að ræða.

Á þessu stigi er of snemmt að segja til um fjárhæðir skattalagningar sem til kunna að koma í kjölfar rannsókna embættisins á framangreindum 30 málum, enda eru þessar rannsóknir enn í gangi og ófyrirséð hverju þær kunna að skila. Svipuðu máli gegnir um úrvinnslu ríkisskattstjóra (RSK) í þeim málum sem þangað voru send. Ekki er því unnt á þessu stigi að fullyrða nokkuð um hverju gögnin muni skila í tekjum til ríkis og sveitarfélaga með endurálagningu opinberra gjalda.

2. *Hversu miklu fé var varið til kaupa á þessum gögnum?*

Kaupverðið nam 200.000 evrum. Að viðbættum virðisaukaskatti og öðrum útlögðum kostnaði nam heildarkostnaðurinn 38.294.332 kr.

3. *Hversu mörg mál voru rannsökuð á grundvelli gagnanna?*

Eins og fram kom í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar sæta 30 mál nú rannsókn hjá SRS.

Samkvæmt upplýsingum frá RSK hefur embættið unnið að frekari greiningu og úrvinnslu þeirra gagna sem því bárust frá SRS. Athugun RSK hefur leitt í ljós að skattskil 178 einstaklinga sem koma fram í gögnunum hafa á þessu stigi gefið tilefni til þess að stofnuð hafa verið mál á þessa einstaklinga hjá embættinu. Þá liggur fyrir að 57 einstaklingar sæta ekki frekari skoðun þar sem þeir eru ýmist látnir eða fluttir úr landi. Ennfremur eru 19 lögaðilar í gögnunum sem þarf að skoða betur auk 83 einstaklinga sem enn þá eru til athugunar. Óljóst er á þessari stundu hversu mörgum málum kann að verða vísað aftur til SRS að lokinni athugun RSK.